

Minnisblað

Dagsetning: 07.11.2022
Viðtakandi: Náttúrufræðistofnun Íslands
Sendandi: Náttúrustofa Suðvesturlands

Efni: Vöktun náttúruverndarsvæða 2022 – Ósmelur

Stöndin við Ósmel í Hvalfirði hefur að geyma einstakar jarðlagaopnur, þar sem finna má setlög, hraunlög og bergganga sem gefa innsýn inn í jarðsögu Hvalfjarðar og jöklunarsögu svæðisins. Í setlögum hafa fundist skeljar ýmissa dýra sem lifðu við Hvalfjörð undir lok síðasta jökulskeiðs. Verðmæti svæðisins felast ekki einungis í steingervingum heldur býr svæðið yfir fjölbreyttri jarðfræði sem vitnar um eldvirkni, jarðhita og fjölbreytt setmyndunarumhverfi.

Framkvæmd

Ósmelur var heimsóttur þann 16.ágúst 2022 af starfsfólki Náttúrustofu Suðvesturlands. Gengið var um strandlengjuna og mat lagt á ástand innviða og jarðminja. Notast var við FieldMaps forritið til að taka myndir og skrásetja upplýsingar. Tveggja metra löng mælistika var höfð á myndunum til viðmiðunar.

Ástandsmat og frumniðurstöður

Engin skilti eða innviði benda til Ósmels eða veita upplýsingar um hann á svæðinu. Tún og sveitabær eru á mörkum friðlýsta svæðisins og að þeim eru nokkrir akslóðar og girðingar umhverfis túnin. Við Hvalfjarðareyri er bílastæði með skilti þar sem tekið er fram að lausaganga hunda og skotveiði sé bönnuð til verndar fuglalífi. Á Hvalfjarðareyrinni er viti og malarnáma, einnig er stór malarnáma rétt ofan við friðlýsingarmörkin (til móts við Eyrarfjallsveg).

Víða mátti sjá fjölbreyttar holufyllingar og jafnvel heilu beltin af holufyllingum. Bæði Bs. og Ms ritgerðir hafa verið gerðar sem fjalla um steingervinga og jarðsögu svæðisins, en þær einblína að mestu á setlöginn fyrir neðan malarhjallana við Kiðafellsá. Sá hluti setlaganna er frá þeim tíma þegar jökull hörfaði frá svæðinu fyrir um 12.000 árum.^{1, 2} Norðan við Kiðafellsá taka við eldri jarðlög og má víða sjá setlög inn á milli hraunlaga og bergganga sem skera setlögin. Nær Hvalfjarðareyri hverfa nær öll set- og hraunlög og berggangar verða allsráðandi. Mikill þéttleiki bergganga í veikari set- og hraunlögum við sjóinn gerir það að verkum að gjarnan má finna sérkennilegar myndanir þar sem einungis berggangurinn stendur eftir, verða þá til bergveggir eða stapar (1.mynd). Ljóst er að jarðlög á svæðinu gefa einstaka innsýn inn í jarðsögu Hvalfjarðar allt frá því fyrir ísöld þegar hraun runnu frá Hvalfjarðareldstöðinni, þar til að jöklar hörfuðu á síðasta jökulskeiði fyrir um 12.000 árum. Hvalfjarðareyri er þekktur fundarstaður baggalúta³ og við setlagabunkana má víða finna geislasteina og aðrar fallegar holufyllingar (2. Mynd)



1.mynd: Bergvegsgangur sem stendur stakur eftir, þar sem veikari setlög umhverfis hafa veðrast burt.

Við Ósmel eru tún, akurlendi og mólendi áður en komið er að strandlengjunni, þar sem við taka brattar klappir, sjávarlón eða grýttar fjörur. Fjörurnar flokkast sem bólupangsfjörur, þar sem bólupang (*Fucus vesiculosus*) er ríkjandi, og þangklungur. Í fjörunum eru þangi vaxnar klappir, stórgrýti og hnallungar á víxl við steinvölur í leir, sandi eða mól. Brimrót er lítið og sandmaðkur er algengur í fjörubeðinu og fyrir vikið er Ósmelur mikilvægt fæðusvæði fugla. Töluvert sást af bæði vað- og andfuglum í fjörunum og sjó þegar Ósmelur var genginn. Þá var einnig mikið fuglalíf á tjörninni við Hvalfjarðareyri.



2. mynd. Á Ósmel er að finna holufyllingar sem hafa fallið út úr jarðhitavatni.

Tillögur að áframhaldandi vöktun

Setlögin við Ósmel verja sig að miklu leiti sjálf. Aðgengið í fjöruna er erfitt og setbunkarnir háir og brattir. Ólíklegt verður því að teljast að staðurinn verði fjölsóttur í náinni framtíð og má ætla að náttúrulegt rof sé ráðandi þáttur varðandi ásýnd svæðisins. Hins vegar gæti svæðinu staðið ógn af því ef námuvinnsla yrði stækkuð í átt að fjörunni. Hugsanlega gæti þurft að vernda steindir á svæðinu sérstaklega en óljóst er hvort mikil ásókn sé í steina af svæðinu, það verður þó að teljast ólíklegt. Þar sem svæðið virðist að mestu vera óraskað og umferð lítil er ekki brýn þörf á reglulegri vöktun næstu árin að óbreyttu.

Heimildir

1. Sandra Karen Ragnarsdóttir 2011. Ósmelur, skeldýrafána og jarðlagaskipan á síðjökkultíma. Bs-ritgerð. Jarðvísindadeild, Háskóla Íslands. 26 bls.
2. Ríkey Júlíusdóttir 2019. Development of the Ósmelur sedimentary sequence in Hvalfjörður, W-Iceland. Ms-ritgerð. Jarðvísindadeild, Háskóla Íslands. 81 bls.
3. Sigurður Steinþórsson 2015. „Hvar finnst baggalútur?“. *Vísindavefurinn*, 29. október 2015. <http://visindavefur.is/svar.php?id=67767> (sótt 20.09.2022).